Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu



Skólanámskrá
Skólaárið 2026 - 2027

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar **5**

Upphaf skólans **5**
Markmið og framtíðarsýn 6
Farsældarlögin 6

Gjaldskrá **8**
Almenn gjaldskrá 8
Gjaldskrá fjarnáms *8*
Mat á fyrra námi *8*
Mötuneyti FAS *8*
Efnisgjald 8
Gjaldskrá leigugjalda *8*

Skólareglur **9**
Almennar skólareglur 9
Reglur um skólasókn 10
Almenn mætingar- og tilkynningarskylda *10*
Raunmæting og viðbrögð við lítilli mætingu *10*
Tímamæting og hegðun í tímum *10*
Sérstakar aðstæður og undanþágur *11*
Reglur um notkun gervigreindar í FAS *11*
Reglur varðandi skemmtanir á vegum nemendafélagsins 12

Mannauður **13**
Nemendur 13
Skólafundir *13*
Starfsfólk 14
Kennara- og faggreinafundir *14*
Nefndir og ráð 14
Skólanefnd *14*
Skólaráð *15*
Foreldraráð *15*
Skipurit skólans 16

Námsframboð **17**
Hug- og félagsvísindabraut 17
Lýsing *17*
Inntökuskilyrði *17*
Náttúru- og raunvísindabraut 18
Lýsing *18*
Inntökuskilyrði *18*
Kjörnámsbraut 20
Lýsing *20*
Inntökuskilyrði *20*
Framhaldsskólabraut 21
Starfsbraut 21
Reglur um námsframvindu 22

Grunnþættir menntunar **22**
Læsi 22
Sjálfbærni 22

Lýðræði og mannréttindi 22
Jafnrétti 23
Heilbrigði og velferð 24
Sköpun 24

Innritun – Inntökuskilyrði 25
Nemendaþjónusta 25
Lokamat 26
Brautskráning 26

Stefnur og áætlanir 27
Mannauðsstefna 27
Forvarnarstefna 27
Forvarnarfulltrúi 27
Gæðastefna 29
Gæðastjórnun 29
Innkaupastefna 29
Persónuverndarstefna 30
Persónuverndarfulltrúi 30
Samgöngustefna 30
Skjalavistunarstefna 31
Starfslýsingar 31
Skólameistari 31
Áfangastjóri 32
Móttaka nýrra starfsmanna 32

Áætlanir 34
Jafnréttisáætlun 34
Áætlun um öryggi og heilbrigði 34
EKKO áætlun – Starfsmenn 34
EKKO áætlun fyrir nemendur 35

Þjónusta 36
Skrifstofa 36
Náms og -starfsráðgjöf 36
Skólahjúkrun 36
Bókasafn 36

Mat á skólastarfi 37
Ytra mat 37
Innra mat 37
Ársskýrslur 37
Sjálfsmat 37

Almennar upplýsingar

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Skólinn starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Hlutverk FAS er að starfrækja námsbrautir til stúdentspróf, bjóða upp á starfsnám í samræmi við eftirspurn hverju sinni og að gefa nemendum kost á að ljúka því námi sem þeir skipuleggja sjálfir í samráði við skólann.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar eftir aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum reglugerðum sem fjalla um skólastarf á framhaldsskólastigi.

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sér- og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi. Allar námsbrautir Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa eða áframhaldandi náms.

Námslok við skólann miðast við að nemendur hafi lokið tilskildum áföngum og einingafjölda eins og tilgreint er í brautarlýsingum í kaflanum *námsframboð* á bls. 16 í skólanámskrá þessari.

Sérstaða skólans felst í staðsetningu, fjölbreyttu námsframboði, lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu og notalegu andrúmslofti. Skólinn er staðsettur á Höfn í Hornafirði að Litlubrú 2.
Á vefsíðu skólans eru allar frekari upplýsingar.

Upphaf skólans

Þann 1. ágúst 1987 hóf Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu formlega göngu sína. Á fyrsta skólaárinu voru nemendurnir í FAS á 1. og 2. námsári framhaldsskóla, en stefnan hafði strax verið sett hærra, á kennarafundi sama ár var kynnt svar menntamálaráðuneytis við ósk skólayfirvalda um að kenna nemendum á 3. námsári strax þetta skólaár. Ráðuneytið hafnaði ekki hugmyndinni „en leggur til að skólinn festi sig betur í sessi áður en lengra er haldið" (úr fundargerð). Alls voru 52 nemendur skráðir til náms á þessu fyrsta starfsári.

„Um haustið (1996) gaus Gjálp og mikið hlaup kom í Skeiðará og Gígju. Baráttan gegn niðurskurði skilaði þeim árangri að dregið var verulega úr fyrri áformum og menntamálaráðherra gaf út þá yfirlýsingu í umræðum á Alþingi um málið að hann væri tilbúinn að skoða hvort Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu fengi leyfi til að útskrifa stúdenta" (úr eldri annálum).

Í bréfi dagsettu 10. janúar 1997 var skólanum veitt heimild til að útskrifa stúdenta sem síðan var gert um vorið í fyrsta skiptið í nafni skólans.

Síðan þá hefur skólinn verið í sífelldri þróun, sem fylgir byggðaþróun svæðisins og þeirri þróun sem á sér stað í mennta- og þjóðfélagsmálum á hverjum tíma. Frá skólanum hafa vorið 2024 útskrifast 776 nemendur þar af 326 af stúdentsbrautum og 475 aðrir með mismunandi starfsréttindi, þar af 119 úr fjallamennskunámi. Þessar tölur eru frá árunum 2004-2024

Markmið og framtíðarsýn

Meginmarkmið Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu er að veita nemendum menntun sem er sniðin að þörfum framhaldsmenntunar í landinu og breytingum sem eru að eiga sér stað í samfélaginu, menntun sem auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera í sífelldri þróun og mennta einstaklinga til ábyrgðar, sem njóta sköpunar og nýta hana í námi og lífi, einstaklinga sem efla andlegan og líkamlegan styrk og kunna að nota sér til góðs nýjustu upplýsingatækni.

Með markvissri uppbyggingu skólastarfsemi og kennslufræðilegri nálgun er leitast við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að sýna nemendum fram á samband milli árangurs og erfiðis, en um leið að efla sjálfstraust nemendanna og ábyrgð gagnvart eigin námi, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu.

Áherslan í menntun og þær kröfur sem skólinn gerir eru til þess sniðnar að efla þekkingarleit nemenda og virkja þá til áframhaldandi menntunar. Sérstök áhersla er á heilbrigða dómgreind, víðsýni, sjálfsþekkingu og verðmæta- og umhverfismat nemenda. Skólinn leggur einnig áherslu á samband manns og náttúru þar sem nemendur takast á við margvísleg verkefni sem efla ábyrgð, hreysti og sjálfstæða ákvarðanatöku með öryggi einstaklingsins og hópsins að leiðarljósi.

Félagsstarf nemenda er fjölbreytt og í FAS er litið á félagsstarf sem nám, þar sem áherslan er, fyrir utan líf og fjör, að styðja við jafnréttis- og lýðræðisvitund, auka félagsþroska og gefa tækifæri á að framkvæma eigin hugmyndir. Með fjölbreyttu en hnitmiðuðu námsframboði og umsjónarkerfi skólans vill skólinn gera nemendum kleift að ljúka námi á tilsettum tíma með áherslu á þeirra áhugasvið. Við viljum setja velferð og öryggi allra nemenda í forgrunn og stuðla þannig að farsæld fyrir öll. Að því sögðu tökum við sem störfum við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, ábyrgð á því að veita þá þjónustu sem endurspeglar þessi markmið og býður alla nemendur velkomna á þeirra forsendum.

Farsældarlögin

Hluti af markmiðum í skólastarfi FAS er að endurspegla farsæld í sínu starfi. Ný lög um farsæld barna og inngildingu í skólastarfi eru vegvísar í okkar starfi og allar breytingar og hagræðingar innan skólans eru teknar með þessi markmið og gildandi lög og reglugerðir í huga.
Farsældarlögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna á Íslandi. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd laganna skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Við sem berum ábyrgð samkvæmt þessum lögum leitumst við að:

1. Fylgjast með velferð og farsæld nemenda og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf nemenda og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð okkar á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar nemenda og foreldra.

Inngildandi menntun

Inngildandi menntun felur í sér heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skóla- og frístundastarfi, eftir eðli og umfangi þarfa hvers barns og ungmennis. Það byggir á þverfaglegri teymisvinnu, markvissu símati og hagnýtingu gagna til að auka skilvirkni, efla gæði starfs og styðja við farsæla skólagöngu allra barna og ungmenna.

Við inngildandi menntun og þjónustu, eiga öll börn og ungmenni rétt á að:

- þörfum þeirra sé mætt í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskóla og í frístundastarfi.
- njóta þjónustu og stuðnings sem byggir á bestu þekkingu og er veitt í samræmi við þeirra þarfir og á forsendum án hindrana
- njóta skólagöngu sinnar og taka framförum í námi og þroska í samræmi við eigin forsendur
- njóta allra þeirra réttinda sem þeim er tryggður í stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist, þar á meðal í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Gjaldskrá

Almenn gjaldskrá

Lýsing	Verð
Skráningargjald	6.000 kr. á önn
Nemendafélagsgjald	4.000 kr. á önn
Gjald fyrir lykil að munaskáp ef hann týnist	3.500 kr.
Áhugasviðsgreining	3.500 kr.
Þýðing á skírteini eða ferli	4.000 kr.
Afrit skírteinis eða ferils	1.000 kr.
Efnisgjald	6.000 kr.
Stimplað afrit af skírteini eða ferli á íslensku	6.000 kr.
Stimplað afrit af skírteini eða ferli á ensku	10.000 kr.
Próftökugjald vegna prófs frá öðrum skólum	2.000 kr

Gjaldskrá fjarnáms

Lýsing	Verð
Skráningargjald	6.000 kr.
Fyrsti áfangi	12.000 kr.
Tveir eða fleiri áfangar	24.000 kr.
Þrír áfangar	39.000 kr

Mat á fyrra námi

Lýsing	Verð
Mat á námi úr öðrum skólum inn á brautir FAS	10.000 kr.

Mötuneyti FAS

Lýsing	Verð
10 miðar fyrir heitan mat	14.900 kr.
10 miðar fyrir súpu og salat	10.200 kr.

Efnisgjald

Lýsing	Verð
Afreksíþróttasvið	30.000

Gjaldskrá leigugjalda

Rými	Dag-taxti	Kvöld- og helgartaxti	Sólahringur
Fyrirlestrarsalur	5.000 kr.	7.000 kr.	30.000 kr.
Miðvæði (Nýtorg)	5.000 kr.	7.000 kr.	30.000 kr.
Almenn stofa	3.000 kr.	4.000 kr.	20.000 kr.
Raungreinastofa	5.000 kr.	7.000 kr.	30.000 kr.
Eldhús	6.000 kr.	6.000 kr.	30.000 kr.
Útkall fyrir húsverði		30.000 kr.	

Skólareglur

Almennar skólareglur

Skólareglur FAS

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu eru skólareglur settar fram með það að markmiði að tryggja jákvætt og öruggt skólaumhverfi fyrir alla. Skólareglum er ætlað að stuðla að jákvæðum skólabrag og tryggja rétt allra til vinnufriðar.

Reglur þessar eiga við bæði um starfsfólk og nemendur.

1. Ganga skal snyrtilega um húsnæði skólans og fara vel með eigur hans, þ.m.t. húsbúnað og tækjabúnað.
2. Notkun raftækja (snjallsíma, spjaldtölvu eða annarra tækja) í kennslustundum er háð leyfi kennara hverju sinni. Allar upptökur af kennurum eða samnemendum eru stranglega bannaðar nema með leyfi viðkomandi.
3. Kennari stýrir kennslustundum og ber nemendum að fylgja fyrirmælum hans.
4. Sýna ber kurteisi og tillitssemi í umgengni við aðra.
5. Á lesstofu nemenda skulu öll samtöl vera í lágmarki og vinnufriður til staðar.
6. Hvers kyns reykingar, tóbaks- og vímuefnanotkun er bönnuð samkvæmt landslögum í öllu húsnæði skólans og á skólalóð.
7. Óheimilt er að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í húsakynnum skólans, á skemmtunum og í ferðum á vegum skólans eða nemendafélagsins.
8. Neysla matar og drykkjar er eingöngu heimil á Nýtorgi. Annars staðar í skólanum eru drykkir leyfðir í lokuðum ílátum.
9. Ábyrgð á námsvali er fyrst og fremst í höndum hvers nemanda. Eins bera nemendur sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.
10. Brot á reglum skólans geta valdið brottvísun.

Málsmeðferðareglur vegna brota á skólareglum

1. Viðurlög við brotum á skólareglum eru háð ákvörðunum skólayfirvalda/kennara í hverju tilviki og geta varðað allt að brottvísun úr námi.
2. Ítrekuð og alvarleg brot nemanda undir 18 ára aldri eru tilkynnt foreldrum/forráðamönnum.
3. Áður en ákvörðun er tekin um brottvísun er nemanda/foreldri/forráðamanni gefin kostur á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnsýslulaga https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html

4. Ákvörðun skólameistara um brottvísun úr námi má kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Samþykkt á kennarafundi 13.05 2025

Reglur um skólasókn

Almenn mætingar- og tilkynningarskylda

- Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Nemendur skulu gera grein fyrir fjarvistum sínum.
- Tilkynna verður fjarvistir vegna veikinda inn á INNU fyrir kl 10:00 samdægurs. Er það skráð sem vituð fjarvist og hefur áhrif á raunmætingu nemanda. Forsjáraðilar nemenda undir 18 ára tilkynna veikindi.
- Hægt er að sækja um skammtímaleyfi og langtímaleyfi á INNU er það skráð sem vituð fjarvist og hefur áhrif á raunmætingu nemanda. Forsjáraðili barna yngri en 18 ára skráir leyfi.
- Mikilvægt er að tilkynna á hverjum degi fjarveru sína þegar veikindi eiga sér stað.
- Nemandi skal fylgjast með því að mæting hans sé rétt skráð í Innu.

Raunmæting og viðbrögð við lítilli mætingu

- Úttekt er gerð á skólasókn nemenda þrisvar til fjórum sinnum á önn og í framhaldi af því eru veittar áminningar ef þeirra er þörf.
- Ef raunmæting er kominn undir 85% þá fær nemandi og forsjáraðili (ef við á) skriflega áminning og nemandi fer í viðtal hjá umsjónarkennara.
- Raunmæting í áfanga þarf að vera yfir 85% til að nemandi eigi rétt á lokamatsviðtali í viðkomandi áfanga.
- Ef raunmæting er kominn undir 80% fer nemandi í viðtal hjá skólameistara eða áfnagastjóra eftir atvikum.
- Ef skólasókn er undir 80% á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn. Nemandi getur sótt um að gera námssamning.

Tímamæting og hegðun í tímum

- Nemandi telst koma of seint í tíma ef hann kemur eftir að kennari hefur merkt við og hafið kennslu.
- Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann 0,33 fjarvistarstig, mæti nemandi meira en 10 mínútum of seint fær hann eitt fjarvistarstig.
- Sýni nemandi truflandi hegðun og/eða hlýði ekki fyrirmælum kennara í kennslustund, er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist, þrátt fyrir mætingu í kennslustund.
- Slíkt skal skráð og tilkynnt til umsjónarkennara og/eða námsráðgjafa. Við endurtekin tilvik fer málið til skólastjórnenda.
- Athugasemdum varðandi mætingarskráningu í Innu skal koma á framfæri við viðeigandi/viðkomandi kennara innan tveggja virkra daga frá því að hún átti sér stað.
- Ef kennari hefur ekki skráð mætingu innan tveggja daga fær nemandi skráða mætingu.

Sérstakar aðstæður og undanþágur

- Reglulega er yfirlit yfir skólasókn sent í tölvupósti til nemenda og forráðamanna þeirra sem eru yngri en 18 ára.
- Litið er svo á að ef nemandi mætir ekki í skólann fyrstu kennsluvikuna og hefur ekki gert grein fyrir fjarveru sinni ætli hann ekki að stunda nám í skólanum.
- Ákveði nemandi að hætta námi við skólann ber honum að tilkynna skrifstofu skólans það tafarlaust. Ef nemandinn eru undir 18 ára aldri þarf skriflega staðfestingu forsjáraðila.
- Ósk um leyfi fyrir afreksíþróttanemendur vegna íþróttakeppna er í höndum viðkomandi þjálfara.
- Hægt er að sækja um undanþágu frá mætingaskyldu (O) í einstaka áfanga til kennara viðkomandi áfanga. Slík beiðni þarf að berast með tölvupósti til kennaranna með minnst dags fyrirvara þar sem ástæða er tilgreind. Kennari getur hafnað slíkri beiðni eða samþykkt.
- Skólameistari getur veitt undanþágu frá skólasóknarreglum.
-

Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á brautskráningarskírteini. Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt meðfylgjandi töflu. Nemandi í fullu námi (30 einingar eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu sem er færð inn á námsferil hans í lok annar. Nemandi getur fengið að hámarki 6 einingar fyrir skólasókn.

Tafla yfir skólasóknareinkunn:

- Skólasókn 98%–100% gefur einkunnina 10.
- Skólasókn 96%–97% gefur einkunnina 9.
- Skólasókn 94%–95% gefur einkunnina 8.
- Skólasókn 92%–93% gefur einkunnina 7.
- Skólasókn 90%–91% gefur einkunnina 6.
- Skólasókn 88%–89% gefur einkunnina 5.
- Skólasókn 86%–87% gefur einkunnina 4.
- Skólasókn 84%–85% gefur einkunnina 3.
- Skólasókn 82%–83% gefur einkunnina 2.
- Skólasókn 81% og lægra gefur einkunnina 1.

Reglur um notkun gervigreindar í FAS

Nemendur skulu fylgja reglum skólans um heimildanotkun og siðferði. Misnotkun gervigreindar er talin brot á reglum skólans.

1. **Verkefnalýsingar**

Kennarar skulu skýrt tilgreina í hverju verkefni hvort notkun gervigreindar sé leyfileg. Nemendur skulu fylgja þessum leiðbeiningum vandlega og tryggja að allar upplýsingar um notkun gervigreindar séu í samræmi við þau fyrirmæli.

2. **Notkun gervigreindar í verkefnum**

Gervigreind má aðeins nota í verkefnum ef það er sérstaklega leyft í verkefnalýsingu. Ef notkun er leyfð, má gervigreind nýtast sem hjálpartæki til að bæta skilning og hugmyndavinnu.
Nemendur skulu alltaf taka fram ef þeir nýta sér gervigreind og útskýra hvernig hún var notuð, í samræmi við leiðbeiningar kennarans.

3. **Takmarkanir í prófum**

Notkun gervigreindar er ekki leyfð í prófum, nema annað sé tekið fram.

4. **Heiðarleiki og ábyrgð**

Gervigreind er tæki til að auka innsýn, en ekki til að leysa verkefni fyrir nemendur. Misnotkun á gervigreind, svo sem að nota hana til að skrifa heildarverk, telst brot á reglum skólans.

5. **Fræðsla og stuðningur**

Skólinn mun bjóða upp á fræðslu um hvernig best sé að nýta gervigreind í námi, með sérstaka áherslu á gagnrýna hugsun og ábyrgð.

Samþykkt á kennarafundi október 2024

Reglur varðandi skemmtanir á vegum nemendafélagsins

1. Allar skemmtanir eru án áfengis og annarra vímuefna
2. Miðar eru keyptir fyrir fram og skráðir á nemendur.
3. Listi yfir gesti liggur fyrir hjá dyravörðum og skal merkt við hvern og einn þegar hann kemur.
4. Nemendur FAS geta keypt miða og boðið með sér einum ***boðsgesti****.
5. Þátttakendur utan nemendafélagsins eru á ***ábyrgð**** þeirra sem bjóða þeim.
6. Þátttakendur sem yfirgefa dansleik geta ekki komið inn aftur.
7. Sýnileg ölvun hefur í för með sér vísun frá dansleik.
8. Sýnileg ölvun boðsgests hefur sömu afleiðingar í för með sér. Sama regla gildir um meðferð áfengis inni á dansleik, þ.e. frávísun.
9. Ef ungmenni undir 18 ára aldri brýtur þessar reglur eru foreldrar viðkomandi upplýstir um brotið.
10. Ef ungmenni undir 18 ára aldri brýtur reglu nr. 7 er hringt í foreldra og eru þeir beðnir um að sækja viðkomandi ungmenni.

***Boðsgestir** þurfa að vera á framhaldsskólaaldri.*

***Ábyrgð:** að bera ábyrgð sínum gesti þýðir að brjóti boðsgestur reglu nr. 7 þá þarf sá sem bauð að einnig axla ábyrgð á því. Sú ábyrgð getur komið fram í frávísun af dansleik eða samtali við gæslumann og/eða ef nemandi er undir 18 ára aldri þá væri haft samband við foreldra.*

Samþykkt á kennarafundi í febrúar 2025

Mannauður

Stærsti hluti mannauðs skólans er nemendahópurinn. Mikilvægt er að námsframboðið komi til móts við þann fjölbreytta hóp svo flestir geti stundað nám við sitt hæfi. Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er markmiðið að mennta einstaklinga til þess að takast á við fjölbreytt áframhaldandi nám og störf.

Nemendur

Nemendahópur FAS er fjölbreyttur að samsetningu og eru um það bil 150-200 nemendur skráðir í nám við skólann. Innritanir þeirra nemenda sem hyggja á nám í dagskóla FAS, helgast af stærð árganga í sveitarfélaginu. Fjarnemendur eru alls staðar að af landinu og eru bæði að taka einstaka áfanga eða eru skráðir í námið með FAS sem útskriftarskóla.

Nemendafélag (NEMFAS) er starfrækt í skólanum en umsjón þess er í höndum nemendaráðs. Á aðalfundi nemendafélagsins, á vorönn hvert skólaár, er kosinn forseti og varaforseti ásamt hagsmunafulltrúa SÍF (Samband íslenskra framhaldsskólanema), ráðið er kosið til eins árs í senn og allir nemendur hafa færi á að bjóða sig fram. Starfið er byggt upp af klúbbum sem nemendur forma í kringum sín áhugamál og eru formenn klúbba meðlimir í stjórn nemendafélagsins. Félagsstarf í skólanum er einingabært og flokkast undir nám. Nemendaráð stendur fyrir árshátíð og öðrum stærri viðburðum innan skólans. Klúbbar, í samráði við nemendaráð, standa fyrir öðrum viðburðum.

Nemendaráð hefur netfangið nemfas@fas.is
Nemendafélagið er einnig á samfélagsmiðlum á:

- Instagram: @nem_fas
- Tik Tok: @_nemfas_
- Twitter: @_nemfas_

Stjórn NEMFAS 2026- 2027 skipa (Síðast breytt: 1. október 2026)

Nemendaráð 2024-2025	
Forseti	Áskell Vigfússonr
Varafoseti	Sigurður Gunnlaugsson
Hagsmunafulltrúi SÍF	Karítas Diljá Björgvinsdóttir

Skólafundir

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu eru haldnir skólafundir a.m.k. einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir starfsmenn og allir nemendur skólans. Á skólafundi er rætt um fyrir fram ákveðin málefni sem snerta skólann. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð skólafundar skal kynnt skólanefnd.

Starfsfólk

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu vinnur öflugur hópur vel menntaðs fólks á öllum aldri. Þessum hópi þarf að hlúa að með ýmsu móti, með góðri starfaðstöðu, góðum samskiptum og upplýsingaflæði, hvatningu og góðum starfsanda. Reglulega eru viðhorf starfsmanna könnuð, til m.a. starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og vinnuaðstöðu. Niðurstöður þessara kannana eru nýttar til endurbóta og eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur.

Kennara- og faggreinafundir

Samkvæmt 10 gr. laga frá 2008 skal í framhaldsskólum halda kennarafund a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað til kennarafunda um önnur mál.
Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð. Kennarafundur kýs einnig áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Allir kennarar sem starfa við skóla eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál. **Fundargerðir kennarafunda skulu vera aðgengilegar skólanefnd.**
Innan skólans er starfandi hagsmunafélag kennara.

Kennarafélag FAS haust 2026	
Formaður	Agnes Heiða Þorsteinsdóttir
Gjaldkeri	Nanna Dóra Ragnarsdóttir
Ritari	Fríður Hilda Hafsteinsdóttir

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu boðar skólameistari til kennara- og faggreinafunda, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Á faggreinafundum eru til umræðu breytingar á faglegu starfi innan skólans sem og sérstakra kennslugreina og mál sem þurfa rýni og samvinnu teyma eða annarra hópa innan skólans. Teymisfundir eru boðaðir af teymisstjóra.

Nefndir og ráð

Við skólann starfa eftirfarandi nefndir og ráð, skólanefnd, skólaráð og foreldraráð.

Skólanefnd

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn, skv. *5. gr. laga um framhaldsskóla nr. S2/2008*. Hlutverk skólanefndar er meðal annars að vera skólameistara til samráðs um ýmis mál er við koma skólastarfinu.

Stjórnendur skólans sitja fundi skólanefndar. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar og stýrir fundum. Aáangastjóri mætir á fundina og fengin er ritari úr hópi kennara.

Skólanefnd FAS	
Aðalmaður (án tilnefningar)_2026-2030	Þorgrímur Tjörvi Halldórsson (formaður)
Aðalmaður (án tilnefningar)_2026-2030	Eyrún Fríða Árnadóttir
Aðalmaður (án tilnefningar)_2026-2030	Vigfús Ásbjörnsson
Aðalmaður (tilnefndur)_2026-2030	Sigurður Einar Sigurðsson
Aðalmaður (tilnefndur)_2026-2030	Lars Imsland
Skólameistari_2025-2030	Guðjón Ragnar Jónasson
Áfangastjóri	Kristján Örn Ebenezersson
F.h. kennara	Jóhann Bergur Kiesel
F.h nemenda	Áskell Vigfússon

**Hlekkur á fundargerðir skólanefndar*

Skólaráð

Reglur um skólaráð er að finna í 7. grein laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 nr. 92. Þar segir: „Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúa kennara og nemenda. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess og starfshætti".

Skólaráð FAS 2025	
Skólameistari	Guðjón Ragnar Jónasson
Áfangastjóri	Kristján Örn Ebenezersson
Fulltrúi kennari	Jóhann Bergur
Fulltrúi kennari	Margrét Ingólfsdóttir
Formaður nemendaráðs	Áskell Vigfússon
Varaformaður nemendaráðs	Sigurður Gunnlaugsson

Skólaráð er skipað skólastjórnendum, kennara og fulltrúum nemenda. Kennarar eru kosnir á kennarafundi og fulltrúar nemenda koma úr röðum nemendaráðs.


Foreldraráð

Við Framhaldsskólann í Austur- Skaftafellssýslu er starfandi foreldraráð. Skólameistari boðar til aðalfundar þess að hausti. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forsjáraðila ólögráða nemenda við skólann.
Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.
Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Foreldrafélag FAS vor 2026	
Formaður	Fjóla Hrafnkelsdóttir
	Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson Linda Hermannsdóttir Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

*Hér er hlekkur á reglur foreldraráðs.

Skipurit skólans



Námsframboð

Námsframboð í FAS er fjölbreytt og spennandi sjá nánar hér.

Hug- og félagsvísindabraut

Lýsing

Hug- og félagsvísindabraut lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum á þriðja hæfniþrepi. Brautin er 200 einingar og skiptist í kjarna, sérhæfingu, bundið val og óbundið val. Á brautinni er lögð áhersla á hug- og félagsvísindi. Nemendur sem ljúka brautinni hafa öðlast hæfni til að takast á við háskólanám á því sviði. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin níu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

Inntökuskilyrði

Grunnskólapróf. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku eða stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.

Kjarni — 121 einingar				
Aðferðarfræði rannsókna	RANN3EM05			
Danska	DANS2ST05			
Enska	ENSK2SG05	ENSK2LS05	ENSK3RO05	ENSK3SR05
Fjármálalæsi	FJÁR1FE01			
Náms- og starfsfræðsla	NÁSS2MÁ01			
Inngangur að framhaldsskóla	INGF1HÖ01	INGF1VÖ01		
Inngangur að náttúruvísindum	INNA1NH05			
Inngangur að vísindum	INGA1NR05	INGA1HF05		
Íslenska	ÍSLE2GO05	ÍSLE2NH05	ÍSLE3LF05	ÍSLE3FM05
Íþróttir	HEIF1GR02	HEIF1FR02	HEIF1AL01	HEIF1AL01
Líffræði	LÍFF2FA05			
Lokaverkefni	VERK3LM05			
Stærðfræði	STÆR2FG05	STÆR2TL05	STÆR3ÁT05	
Umhverfis- og auðlindafræði	AUUM1AU05			
Þema	ÞEMA1OV05			
Þýska	ÞÝSK1GF05	ÞÝSK1MÁ05	ÞÝSK1SM05	
Sérhæfing — 50 einingar				
Félagsfræði	FÉLA2FS05	FÉLA2KF05		
Heimspeki	HEIM2IN05	HEIM3HS05		
Kynjafræði	KYFR2IN05	KYFR3KM05		
Saga	SAGA2AK05	SAGA2TU05		
Sálfræði	SÁLF2IN05	SÁLF3ÞÞ05		
Val — 29 einingar				

Val nemenda á áföngum þarf að endurspegla jafnvægi milli hæfniþrepa:
17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 1, 33–50% (66–100 einingar) á hæfniþrepi 2 og 17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 3.

Náttúru- og raunvísindabraut

Lýsing

Náttúru- og raunvísindabraut lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum á þriðja hæfniþrepi. Brautin er 200 einingar og skiptist í kjarna, sérhæfingu, bundið val og óbundið val. Á brautinni er lögð áhersla á náttúru- og raunvísindi. Nemendur sem ljúka brautinni hafa öðlast hæfni til að takast á við háskólanám á því sviði. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin níu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

Inntökuskilyrði

Grunnskólapróf. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku eða stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.

Kjarni — 121 einingar				
Aðferðarfræði rannsókna	RANN3EM05			
Danska	DANS2ST05			
Enska	ENSK2SG05	ENSK2LS05	ENSK3RO05	ENSK3SR05
Fjármálalæsi	FJÁR1FE01			
Náms- og starfsfræðsla	NÁSS2MÁ01			
Inngangur að framhaldsskóla	INGF1HÖ01	INGF1VÖ01		
Inngangur að náttúruvísindum	INNA1NH05			
Inngangur að vísindum	INGA1NR05	INGA1HF05		
Íslenska	ÍSLE2GO05	ÍSLE2NH05	ÍSLE3LF05	ÍSLE3FM05
Íþróttir	HEIF1GR02	HEIF1FR02	HEIF1AL01	HEIF1AL01
Kynjafræði	KYFR2IN05			
Lokaverkefni	VERK3LM05			
Stærðfræði	STÆR2FG05	STÆR2TL05	STÆR3ÁT05	
Umhverfis- og auðlindafræði	AUUM1AU05			
Þema	ÞEMA1OV05			
Þýska	ÞÝSK1GF05	ÞÝSK1MÁ05	ÞÝSK1SM05	
Sérhæfing — 45 einingar				
Eðlisfræði	EÐLI2LA05	EÐLI2VB05		
Stærðfræði	STÆR3DF05	STÆR3DH05		
Efnafræði	EFNA2LO05	EFNA3EG05		
Jarðfræði	JARÐ2IJ05			
Líffræði	LÍFF2FA05	LÍFF2LF05		
Val — 34 einingar				

Val nemenda á áföngum þarf að endurspegla jafnvægi milli hæfniþrepa:
17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 1, 33–50% (66–100 einingar) á hæfniþrepi 2 og 17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 3.

Kjörnámsbraut

Lýsing

Kjörnámsbraut lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum á þriðja hæfniþrepi. Brautin er 200 einingar og skiptist í kjarna, sérhæfingu og svo óbundið val. Kjörnámsbraut til stúdentsprófs er ætlað að veita nemendum undirbúning undir nám í ýmsum deildum háskóla. Bent er á að við skipulagningu náms á Kjörnámsbraut er nauðsynlegt að nemendur hafi samráð við náms- og starfsráðgjafa.

Í upphafi náms gerir nemandi og skóli námsáætlun þar sem lokamarkmið náms eru skilgreind og skal áfangaval vera í samræmi við það. Við námslok eiga nemendur að vera færir um að takast á við skilgreind lokamarkmið brautar. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin níu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

Inntökuskilyrði

Grunnskólapróf. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku eða stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.

Kjarni — 126 einingar				
Aðferðarfræði rannsókna	RANN3EM05			
Danska	DANS2ST05			
Enska	ENSK2SG05	ENSK2LS05	ENSK3RO05	ENSK3SR05
Fjármálalæsi	FJÁR1FE01			
Náms- og starfsfræðsla	NÁSS2MÁ01			
Inngangur að framhaldsskóla	INGF1HÖ01	INGF1VÖ01		
Inngangur að náttúruvísindum	INNA1NH05			
Inngangur að vísindum	INGA1NR05	INGA1HF05		
Íslenska	ÍSLE2GO05	ÍSLE2NH05	ÍSLE3LF05	ÍSLE3FM05
Íþróttir	HEIF1GR02	HEIF1FR02	HEIF1AL01	HEIF1AL01
Líffræði	LÍFF2FA05			
Kynjafræði	KYFR2IN05			
Lokaverkefni	VERK3LM05			
Stærðfræði	STÆR2FG05	STÆR2TL05	STÆR3ÁT05	
Umhverfis- og auðlindafræði	AUUM1AU05			
Þema	ÞEMA1OV05			
Þýska	ÞÝSK1GF05	ÞÝSK1MÁ05	ÞÝSK1SM05	
Sérhæfing — 55 einingar				

Val — 19 einingar

Val nemenda á áföngum þarf að endurspegla jafnvægi milli hæfniþrepa:
17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 1, 33–50% (66–100 einingar) á hæfniþrepi 2 og 17–33% (34–66 einingar) á hæfniþrepi 3.

Framhaldsskólabraut

Námi á framhaldsskólabraut er ætlað að búa nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi undir frekara bóknám og/eða verkgreinanám. Brautinni lýkur með framhaldsskólaprófi. Framhaldsskólabrautin er 90 einingar og er miðað við að nemendur ljúki henni á tveimur árum. Markmið framhaldsskólabrautar eru sniðin að einstaklingsbundnum þörfum hvers nemanda en þó eru gerðar kröfur um að námslok séu á hæfniþrepi 2.

Kjarni	***58 einingar***				
	Enska	ENSK1RL05	ENSK1LO05	ENSK2SG05*	
	Fjármálalæsi	FJÁR1HB02			
	Inngangur að framhaldsskóla	INGF1GR01	INGF1FR01		
	Íslenska	ÍSLE1LT05	ÍSLE1SR05	ÍSLE2GO05*	ÍSLE2NH05*
	Íþróttir	HEILF1GR01	HEIF1FR01	HEIF1AL01	HEIF1ÍG01
	Stærðfræði	STÆR1TJ05	STÆR1AR05	STÆR2FGO5*	
	Umsjón	UMSJ1HN01	UMSJ1HN01	UMSJ1HN01	UMSJ1LV01
	Þema	ÞEMA1OV05			
Val	***32 einingar***				

*klára einn áfanga á 2 þrepi í íslensku, og val um einn 2. þreps áfanga í ensku eða stærðfræði

Starfsbraut

Á síðustu misserum hefur eftirspurn eftir námi á starfsbraut skólans aukist. Í kjölfar þess var brautin tekin endurskoðuð og þróuð með það að markmiði að mæta betur þörfum nemenda og tryggja að námið sé í takt við áherslur og væntingar samfélagsins. Ráðinn var verkefnastjóri /Umsjónarmaður starfsbrautar sem hefur það hlutverk að halda utan um brautina og nám nemenda sem á henni eru. Að auki situr hann í stuðningsteymum farsældar þegar við á.
Markmið starfsbrautar er að veita nemendum einstaklingsmiðaða almenna menntun þar sem áhersla er á að auka sjálfstraust, sjálfstæði og félagslega virkni nemanda. Allir áfangar á starfsbraut eru á 1. hæfniþrepi, 135 einingar eru í kjarna og 105 í óbundnu vali. Nemendur á starfsbraut hafa tækifæri til að taka áfanga af öðrum hæfniþrepum og námsbrautum ef þeir hafa áhuga og/eða hæfni til þess. Áætlað er að nemendur ljúki brautinni á þrem til fjórum árum.

Nemendur geta tekið kjarnaáfanga í annarri röð en þeirri sem gefin er upp hér.

Kjarni	***Haust***	***Vor***	***Haust***	***Vor***	***Haust***	***Vor***
Íslenska	ÍSLE1MB04	ÍSLE1FÓ04	ÍSLE1TM04	ÍSLE1MB04	ÍSLE1DE04	ÍSLE1TM04
Stærðfræði	STÆR1RE03	STÆR1TM03	STÆR1RE03	STÆR1TB03	STÆR1RE03	STÆR1FP03
Enska	ENSS1LA03	ENSS1FE03	ENSS1BÓ03	ENSS1MM03	ENSS1KV03	ENSS1ÁT03
Heilsufræði	ÍÞRÓ1AÍ03	ÍÞRÓ1AÍ03	ÍÞRÓ1AÍ03	ÍÞRÓ1AÍ03	ÍÞRÓ1AÍ03	ÍÞRÓ1AÍ03
Upplýsingatækni	UPPLSB02	UPPLSB02	UPPLSB02	UPPLSB02	UPPLSB02	UPPLSB02
Tilveran	TILV1SF02	TILV1ÁF02	TILV1FL02	TILV1SM02	TILV1SU02	TILV1LS02

Lýðheilsa	LÝÐH1SP03	LÝÐH1PH03	LÝÐH1SS03	LÝÐH1KY03	LÝÐH1FV03	LÝÐH1GR03
Starfsnám	STAR1HV02		STAR1JV02		STAR1RV02	
*Þema**	ÞEMA1OD01	ÞEMA1VD01	ÞEMA1OD01	ÞEMA1VD01	ÞEMA1OD01	ÞEMA1VD01
Heimilisfræði		3		3		3
Val **						

* Ef áfangað ÞEMA1ST01

** Á hverri önn er boðið upp á valáfanga á starfsbraut sem nemendur geta valið að skráð sig í á valviku. Eins geta nemendur valið áfanga af öðrum námsþrepum eða námsbrautum ef þeir hafa áhuga og hæfni til, í samráði við umsjónarmann námsbrautar.

Reglur um námsframvindu

Reglur um námsframvindu eru samkvæmt skólareglum. Námstími til stúdentsprófs er 3 ár og þarf nemandi að taka 30-35 einingar á önn til að ljúka á þeim tíma. Nemendur velji áfanga í samráði við náms- og starfsráðgjafa með aðgangsviðmið háskólanna til hliðsjónar. Passa þarf að uppfylla kröfur um hlutfall eininga á hverju þrepi. Nemandi þarf að ná 5 í einkunn til að standast áfanga.

Grunnþættir menntunar

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það" (Aðalnámskrá framhaldsskóla bls. 14). Grunnþættir menntunar endurspeglast í öllu skólastarfi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta með því að lesa hann. Það hefur snúist um eitt kerfi tákna, prentmálið, og þá menningu og þau tjáningarform sem tengdust því. Hugtakið miðlamennt vísar til skólastarfs þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt og læra í leiðinni sitthvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði.

Markmiðið er að nemendur læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkingarsköpun (Aðalnámskrá, bls. 16).

Sjálfbærni

Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur og grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið (Aðalnámskrá, bls. 17).

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi, skólar eiga að taka mið af því í

öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (Aðalnámskrá, bls. 19).

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir öll til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu öll taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og
forréttinda annarra (Aðalnámskrá, bls. 19).

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti,

kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Aðalnámskrá, bls. 21).

Sköpun

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins (Aðalnámskrá, bls. 22).

Innritun – Inntökuskilyrði

Innritun í Framhaldsskólann í Austur- Skaftafellssýslu er samkvæmt 32. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 1150/2008. Þeir sem hafa lokið grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri, eiga rétt á að hefja nám í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Þeir sem eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt framangreindu eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.

- Til að komast inn á stúdentsprófsbrautir þarfa nemandi að hafa lokið grunnskóla og fengið að lágmarki einkunnina B í tveimur af eftirtöldum greinum: dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.
- Til að fá sérkennslu þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla, hafa sótt um það sérstaklega og lagt fram viðeigandi gögn.
- Til að komast inn í einstaka áfanga þurfa nemendur að hafa uppfyllt skilyrði um undanfara.
- Til að komast á framhaldsskólabraut þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla og hafa farið í viðtal til námsráðgjafa þar sem námið er skipulagt.
- Til að komast inn á starfsnámsbrautir þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla og að hafa lokið undanförum sem skilyrði eru sett um í einstaka áföngum.

Nemendaþjónusta

Nemendaþjónusta skólans er regnhlífaheiti fyrir hvers konar þjónustu við nemendur. FAS leitast við að veita nemendum skólans fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Markmið með þjónustunni er að vinna að farsæld og heill nemenda skólans og að tryggja jöfn tækifæri til náms fyrir öll. Í nemendaþjónustuteymi sitja; náms- og starfsráðgjafi, áfangastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar og umsjónarkennari framhaldsskólabrautar. Náms- og starfsráðgjafi er einnig tengiliður farsældar og hefur það hlutverk að meta þjónustuþörf og kynna samþættingu fyrir foreldrum og nemendum. Hann skipuleggur og fylgir eftir þjónustu á fyrsta stigi og tekur þátt í vinnu stuðningsteymi farsældar eftir því sem við á. Þessi þjónusta hefur verið í mikilli uppbyggingu á þessu ári og mun sú uppbygging halda áfram.

Í FAS er lögð áhersla á sí- og leiðsagnarmat sem samanstendur af fjölbreyttum aðferðum til að gefa sem skýrasta mynd af þekkingu nemandans og hæfir efni og innihaldi áfangans. Leiðsagnarmat byggir á stöðugri endurgjöf sem nemendur geta nýtt sér til að bæta árangur sinn. Leiðsagnarmatið er einnig verkfæri fyrir kennara til að sjá hvar nemendahópurinn sem og einstaka nemendur standa og bregðast við því, ef þarf.

Kennarar gefa nemendum endurgjöf í formi leiðsagnar um styrkleika og veikleika verkefna sem skilað er inn og boða nemendur til miðannarmats þar sem farið er yfir stöðu í hverjum áfanga fyrir sig.

Markmiðið er að í lok annar hafi nemendur skýra mynd af því hvar þeir standi námslega áður en þeir mæta í lokamat. Lokamat við skólann samanstendur af lokamatsviðtali sem og öðrum

þáttum sem koma skýrt fram í námsáætlun hvers áfanga. Í viðtalinu er rætt á almennan hátt um þá þekkingu sem nemendur hafa tileinkað sér um það efni sem tekið var fyrir á önninni.

Lokamat

- Skipulag lokamats kemur fram í námsáætlun, þar er samsetning lokamatseinkunnar einnig tilgreind. Í lok hvers áfanga fer fram lokamat, um lokamat er nánar fjallað í námsáætlun.
- Ef lokamatseinunn er undir 45 stigum þá gildir sú einkunn sem lokaeinkunn.
- Lokamatseinkunn skal birt á Námsvef.
- Lokaeinkunn skal birt í Innu ekki seinna en í lok lokamatsviku.
- Nemandi hefur sjö daga til að gera athugasemd við einkunn í lokamati.
- Sætti nemandi sig ekki við niðurstöður kennara hvað varðar lokaeinkunn hefur hann sjö daga frá birtingu í Innu til að koma skriflegum athugasemdum um það til skólameistara.
- Lokamatsdagar eru tilgreindir í skóladagatali hverrar annar.
- Lokamatsviðtöl fara fram samkvæmt gildandi stundatöflu verði því við komið.
- Kennari skipuleggur viðveru nemenda í lokamatsviku fyrir tilgreindan dag samkvæmt dagatali.
- Ef fleiri en tvö viðtöl lenda á einhverjum lokamatsdegi þá ber nemenda að leita eftir því við kennara að fá annan viðtalsdag.
- Nemandi kemur upplýsingum um tímasetningar lokamatsviðtala til umsjónarkennara sem bregst við ef þarf.
- Nemanda ber að mæta til lokmats í öllum áföngum sem þessar reglur taka til.
- Staðnemendur skulu að mæta í lokamat í skólanum samkvæmt skipulagi kennara en fjarnemendur eiga kost á fjarfundi.
- Skili nemandi inn námsmöppu **eða** öðrum þáttum sem tilgreindir eru í kennsluáætlun til lokmats sem rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki unnið sjálfur að verulegu eða öllu leyti þá jafngildir það því hafa ekki skilað tilskildum gögnum til lokamats.
- Veikindi þarf að tilkynna áður en lokamatsviðtal fer fram á skrifstofu skólans. Það þarf að skila vottorði vegna veikinda eða semja um fjarveru sína við skólameistara.
- Nemandi sem mætir ekki til lokamats fær 0 í áfanganum.

Varðveita skal matsgögn í eitt ár.

Brautskráning

Frá FAS eru brautskráningar af stúdentsbrautum með mismunandi áherslum, framhaldsskólabraut og starfsbraut.

Stefnur og áætlanir

Mannauðsstefna

Starfsfólk Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er ein af mikilvægustu auðlindum stofnunarinnar. Það er markmið skólans að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk, efla það og styðja til þess að það sé fært að takast á við þær kröfur sem gerðar eru á þeirra starfsviði og fylgi þeirri þróun sem er í samfélaginu á hverjum tíma.

Forsenda góðs árangurs í skólastarfi er m.a. fjölhæft, áhugasamt og traust starfsfólk sem vinnur við viðunandi starfsskilyrði. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leggur áherslu á gæði og metnað í starfi, starfsánægju, gott starfsumhverfi, jafnræði, trúnað og traust og möguleika til að vaxa og dafna. Skólinn leggur einnig áherslu á að starfsfólk skólans veiti góða og markvissa þjónustu og uppfylli þær skyldur og hlutverk sem lög um framhaldsskóla segja til um.

Starfsfólk skólans starfar samkvæmt lögum, reglum, erindisbréfum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma.

Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er lögð áhersla á að:

- allir starfsmenn hafi góða vinnuaðstöðu og aðgang að þeim tækjum sem þurfa þykir hverju sinni
- við skólann sé virkt starfsmannafélag sem stuðlar að góðu félagslífi
- styrkja og stuðla að góðum samskiptum við starfsfólk Nýheima í gegnum félagslíf, endurmenntun og samvinnuverkefni
- stuðla að því að starfsfólk hafi sveigjanleika til þess að samhæfa vinnu, nám og fjölskyldulíf
- hvetja kennara til símenntunar sem og leiðbeinendur til að afla sér réttinda
- stuðla að starfsánægju með samveru og samskiptum sem einkennast af trausti, gleði og samvinnu
- samskipti á vinnustað séu uppbyggileg og jákvæð.
- Að stuðla að góðu upplýsingaflæði
- starfsfólk framhaldsskóla hafi hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

*Hér er hlekkur á mannauðsstefnu FAS

Forvarnarstefna

Forvarnir eru hluti af daglegu starfi skólans og fela í sér fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn og nemendur og hafa það að markmiði að stuðla að betri líðan og ástundun nemenda, ýta undir jákvæða lífssýn og heilbrigða lífshætti allra hlutaðeigandi. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi.

Félagslíf nemenda og viðburðir á vegum skólans skulu einkennast af heilbrigðum lífsháttum og miða að því að efla félagsþroska nemenda. Notkun vímuefna og nikótíns er bönnuð í skólanum og á lóð hans. Sama gildir um skemmtanir og ferðalög nemenda á vegum skólans. Hvers kyns áróður sem hvetur til neyslu áfengis og vímuefna er bannaður í húsnæði skólans eða á samkomum á hans vegum.

Forvarnarfulltrúi

Forvarnarfulltrúi er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Hann stuðlar að því

að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans í samvinnu við

starfsmenn skólans, nemendur og forráðamenn þeirra. Forvarnarfulltrúi hefur umsjón með reglulegri endurskoðun á skriflegri stefnu skólans í forvarnarmálum. Í forvarnarstarfi felst fræðsla um skaðsemi áfengis, nikótíns eða annarra vímuefna, hvatning til heilbrigðs lífernis og þátttöku í jákvæðu félagslífi ásamt öðru sem stuðlar að sterkri sjálfsmynd
nemenda. Forvarnarfulltrúi er til viðtals eftir þörfum og geta nemendur og forráðamenn þeirra leitað til hans ef þörf er á. Forvarnarfulltrúi með skólameistara taka á málum sem tengjast vímuefnum, áfengi og nikótíni.

Forvarnafulltrúi Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu er Jóhann Bergur Kiesel, johannb@fas.is.

Gæðastefna

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leitast við að veita nemendum góða menntun í samræmi við ytri kröfur sem gerðar eru til náms. Gildi skólans, fjölbreytni – áræðni – sköpun, eru þáttur í öllu skólastarfi. Gildi skólans fléttast inn í allt skólastarf og endurspeglast, í skólabrag hans. Að þessu er unnið með stöðugum umbótum og skipulegri uppbyggingu. Áhersla er lögð á að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu sé góður skóli fyrir alla nemendur sem hann sækja.

Gæðakerfi hefur ekki verið innleitt í skólanum, en það er á áætlun næstu tveggja ára og mun sú innleiðing skipta sköpum í gagnsæi og vinnuferlum þegar kemur að mótun gæðastefnu. Innihald gæðastefnu skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hans í gildandi lögum og reglugerðum, sem og væntingum og þörfum; nemenda, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila. Einnig er gæðakerfi ætlað að veita yfirsýn yfir alla þætti starfseminnar og lýsa því hvernig skólinn tryggir framþróun stjórnkerfis og bætts verklags. Innan skólans erTeams notað sem vettvangur samvinnu og unnið er að stöðugum umbótum og skipulegri uppbyggingu starfseminnar.

Gæðastjórnun

Skólameistari og áfangastjóri stýra og hafa umsjón með gæðamálum í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Teymið vinnur eftir skólasýn FAS og skólabrag eins og kemur fram í skólanámskrá FAS.

Teymið ber ábyrgð á að verkefni í þess umsjá séu framkvæmd innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur í upphafi hverrar annar.

Einnig skal teymið sjá um að lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla sé fylgt í hvívetna. Gæðastjórnunarkerfi hefur ekki verið innleitt, en mun teymið bera ábyrgð á þeirri innleiðingu, sem áætluð er að byrji vor 2027.

Innkaupastefna

Við innkaup á vörum og þjónustu leitar Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu við að taka upplýstar ákvarðanir og vera í samstarfi um vistvæn innkaup þar sem það er í boði.

Fylgst er vel með þeirri vöru og þjónustu sem keypt er og starfsfólk er meðvitað um vöruúrval á markaði í hvert skipti. Skólinn gerir samgöngusamninga við starfsfólk og við höfum tekið Grænu skrefin og höldum þeirri vinnu áfram.

Persónuverndarstefna

Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er lögð áhersla á að tryggja það að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga vinnslu persónuupplýsinga og vinnslu persónuupplýsinga. FAS safnar persónuupplýsingum til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga nr. 92/2008 sem gilda um framhaldsskóla og á grundvelli reglugerðar 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.

Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef hægt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, til dæmis með tilvísun í nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann með einhverjum hætti.

Markmið persónuverndarstefnunnar er að auðvelda einstaklingum að átta sig á hvaða persónuupplýsingum skólinn safnar, hvers vegna og hvað er gert við þær. Eins er því lýst hver er réttur einstaklings varðandi persónuupplýsingar og hvert hægt er að leita ef óskað er eftir upplýsingum eða ef viðkomandi telur að brotið hafi verið á sér.

Persónuverndarfulltrúi

Framhaldsskólar á Íslandi hafa ráðið sameiginlegan persónuverndarfulltrúa sem er með aðsetur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Persónuverndarfulltrúi hefur það hlutverk að upplýsa starfsmenn um þeirrar skyldur samkvæmt persónuverndarlögum, sinna þjálfun starfsfólks, framkvæma úttektir, veita ráðgjöf og vera til staðar komi upp álitaefni á sviði persónuverndar. Persónuverndarfulltrúi skólans er tengiliður við Persónuvernd.

Frekari upplýsingar um persónuvernd er að finna á vef stofnunarinnar island.is/s/personuvernd

Ábyrgð og eftirlit
Skólameistari ber ábyrgð á að skólinn vinni í samræmi við lög og reglur og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar varðandi vandaða meðferð persónuupplýsinga. Persónuverndarstefnan er endurskoðuð að lágmarki á tveggja ára fresti. Persónuverndarfulltrúi FAS er: Helena Ingvadóttir.

Ef einstaklingur hefur athugasemdir við vinnslu FAS á persónuupplýsingum hans getur hann sent erindi til persónuverndarfulltrúa. Allar ábendingar, kvartanir og fyrirspurnir varðandi persónuvernd er beint til persónuverndarfulltrúa á netfangið helena@fas.is.

Samgöngustefna

Skólinn er staðsettur þannig að mikið af þjónustu er langt frá öðrum þjónustukjörnum í landinu. Samgöngustefnu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á að stuðla að minni mengun og heilbrigðari lífsháttum í anda sjálfbærni og í samræmi við þátttöku skólans í verkefnunum Græn skref og Heilsueflandi framhaldsskóli.

Ferðamáti er í samræmi við innkaupastefnu og er leitast við að nýta vistvænan ferðamáta þegar það er hægt. Skólinn tekur þátt í því að kolefnisjafna allar ferðir sem farnar eru á vegum skólans bæði innanlands og utan.

Skjalavistunarstefna

Til þess að mæta persónuverndarlögum um skjalavistun og inngildandi skólastefnu hefur Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hafið skjalavistun í skjalavistunarkerfinu GoPro. Fimm starfsmenn skólans hafa aðgang að innra kerfi GoPro og nýta það til skráninga, þeir eru: skólameistari, skrifstofustjóri, áfangastjóri og náms- og starfsráðgjafi.

Starfslýsingar

Skólameistari

Skólameistari veitir skólanum forstöðu, sbr. reglugerð nr. 1100/2007. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans.

Helstu verkefni og skyldur skólameistara eru að:

- bera ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár
- bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans
- sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt
- hafa yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber
- sjá til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber
- taka afstöðu til og úrskurða um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans
- sjá um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins
- vera framkvæmdastjóri skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt
- vera oddviti skólaráðs
- kalla saman kennarafundi
- bera ábyrgð á innra mati á starfi skólans
- bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé kynnt
- sjá til þess að fyrir liggi upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur um það séu gerðar
- hafa yfirumsjón með gæðastarfi og sjálfsmati skólans ásamt áfangastjóra
- hafa umsjón með innritun nýrra nemenda í samvinnu við áfangastjóra
- hafa umsjón með skráningu upplýsinga í Innu, s.s. nemendaupplýsinga, einkunna og starfsmannaupplýsinga
- hafa umsjón með námsbrauta- og áfangalýsingum í námskrárgrunni.
- hafa umsjón með innritun nýrra nemenda í samvinnu við áfangastjóra

Áfangastjóri

Áfangastjóri er hluti af stjórnendateymi skólans. Helstu verkefni og skyldur áfangastjóra eru:

- vera staðgengill skólameistara og vinnur með honum, við daglega stjórn skólans
- hafa umsjón með söfnun tölulegra upplýsinga úr Innu

- yfirumsjón með rekstri áfangakerfis skóla
- yfirábyrgð á að upplýsingar um nemendur séu réttar í INNU
- yfirumsjón með framkvæmd útskriftar, ásamt skólameistara og umsjónarkennara útskriftarnema, þ.m.t. gerð og prentun skírteina
- umsjón með fjarvistaskráningu
- umsjón með námsvali nemenda í samráði við náms- og starfsráðgjafa skólans og umsjónarkennara
- umsjón með umsjónarkennarakerfinu
- að hafa yfirsýn yfir námsferla nemenda, með umsjónarkennurum og náms- og starfsráðgjafa
- að stýra mati á fyrra námi nemenda
- stundatöflugerð og breytingar
- ábyrgð á skráningu einkunna í ferilskrá nemenda
- umsjón með innritun nemenda í samvinnu við skólameistara
- ráðgjöf og aðstoð í INNU
- Önnur verkefni í samráði við skólameistara.

*Hér er hlekkur á aðrar starfslýsingar

Móttaka nýrra starfsmanna

Tekið er á móti nýju starfsfólki með formlegum hætti og eftir ákveðinni áætlun. Skólameistari er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt viðeigandi fræðsla samkvæmt móttökuáætlun. Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýju starfsfólki mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Nýju starfsfólki er úthlutað starfsfóstra sem hefur það hlutverk að framfylgja móttökuáætlun. Starfsfóstrinn getur verið skólameistari, áfangastjóri, námsráðgjafi, teymisstjórar eða umsjónarkennarar.

**Hér er hlekkur á móttökuáætlun nýrra starfsmanna FAS.*

Áætlanir

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun þessi tekur til allrar starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

**Hér er hlekkur á jafnréttisáætlun FAS*

Áætlun um öryggi og heilbrigði

Stofnunni ber að fara eftir lögum og reglugerðum um vinnueftirlit og vera með gilda áætlun um öryggi og heilbrygði sem og áættumat. Tilgangur þess að hafa aðgengilega skriflega áætlun er til þess að fyrirbyggja og draga úr líkum á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni starfsfólks við störf sín.
*Hér er hlekkur á Áætlun um öryggi og heilbrygði í FAS

*Hér er hlekkur á áhættumat FAS

EKKO áætlun – Starfsmenn

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Einelti getur verið líkamlegt og/eða andlegt og getur jafnt birst í gegnum bein samskipti og í gegnum netmiðla (t.d. Facebook, Instagram, TikTok og Snapchat).

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

*Myndband frá Vinnueftirlitinu um forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfinu.

**Hér er hlekkur á EKKO áætlun fyrir starfsmenn FAS*

EKKO áætlun fyrir nemendur

Aðgerðir skóla

Eftir að mál er tilkynnt er fyrsta stig aðgerða ákveðið af skólameistara með aðkomu náms- og starfsráðgjafa. Næstu skref eru ákveðin eftir eðli máls og samkvæmt EKKO áætlun Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og gildandi lögum.

**Hér er hlekkur á skráningareyðublað trúnaðarmála*

Árleg starfsáætlun

Árleg starfsáætlun er unnin að vori og tilbúin í endaðan apríl hvert ár,
áætlanirnar eru áþekkar frá ári til árs.

**Hér er hlekkur á árlega starfsáætlun FAS*

Þjónusta

Hér má finna helstu upplýsingar um þá þjónustu sem FAS veitir.

Skrifstofa

Skrifstofa skólans er á efri hæð Nýheima.
Skrifstofan er opin frá kl. 8-16. Hægt er að hafa samband á vefsíðu FAS.

Náms og -starfsráðgjöf

Náms og -ráðgjafi er starfandi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

Námsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda gagnvart kennurum, öðrum starfsmönnum og skólastjórnendum og tekur þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum. Hann sér um og skipuleggur náms- og starfsfræðslu í skólanum.

- Námsráðgjafi er tengiliður skólans við félags– og heilbrigðiskerfi sveitarfélagsins.
- Námsráðgjafi skólans auglýsir viðtalstíma sína á hverri önn. Auk þess er hægt að semja um sérstaka viðtalstíma.
- Tímabókanir í viðtalstíma má finna hér.

Skólahjúkrun

Skólahjúkrunarfræðingur er við einu sinni í viku í skólanum, sjá nánar tímabókanir á heimasíðu.

Bókasafn

Skólinn er með samning við Sveitarfélagið Hornafjörð um notkun á bókasafni bæjarins fyrir nemendur. Bókasafnið er staðsett í Nýheimum, í sama húsi og skólinn.

Mötuneyti

Mötuneyti er starfrækt í skólanum. Þar er boðið upp á hádegismat og gjaldfrjálsan graut í morgunmat. Klippikort fyrir hádegismat eru til sölu fyrir starfsmenn og nemendur á skrifstofu skólans.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er margþætt. Skólinn metur í sjálfsmati innra starf skólans. Inn í innra matið eru teknar innanhúss- og óháðar kannanir, bæði á skólastarfi og stjórnun. Einnig eru gerðar innanhúss kannanir í skólanum um ýmis málefni sem skólann varða.

Ytra mat

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur umsjón með ytra mati á leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Ytra mat á Framhaldsskóla Austur- Skaftafellssýslu fór síðast fram vorið 2022.

**Hlekkur á ytra mat 2022.*

Innra mat

Hver framhaldsskóli skal með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfsins. Virkt innra mat skal samofið annarri starfsemi skóla og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skóla. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Það skal stuðla að aukinni vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi.

Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni. Framhaldsskólar skulu birta opinberlega og á aðgengilegan hátt, á heimasíðu sinni eða með öðrum hætti, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og umbótaáætlun. Einnig skal gera grein fyrir tengslum matsins við skólanámskrá og stefnu skólans og er það aðgengilegt á heimasíðu skólans. Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá framhaldsskóla. Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu koma niðurstöður innra mats fram í ársskýrslu og sjálfsmati. Í sjálfsmati er að finna umbótaáætlun.

Ársskýrslur

Á hverju almanaksári skilar skólameistari ársskýrslu og er hún aðgengileg á vef skólans.

*Hlekkur á ársskýrslu 2024
*Hlekkur á ársskýrslu 2023
*Hlekkur á ársskýrslu 2022

Sjálfsmat

Í sjálfsmatsteymi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu sitja skólameistari og áfangastjóri og aðrir starfsmenn og nemendur eftir þörfum.

**Hlekkur á sjálfsmat FAS 2023-2024.*
**Hlekkur á sjálfsmat FAS 2022-2023.*